



HANDKNATTLEIKSFÉLAG KÓPAVOGS

# ÁRSSKÝRSLA 2021



## EFNISYFIRLIT

Skýrsla aðalstjórnar .....	4
SKÝRSLA HANDKNATTLEIKSDEILDAR.....	8
SKÝRSLA BARNA- OG UNGLINGARÁÐS HANDKNATTLEIKSDEILDAR .....	10
SKÝRSLA KNATTSPYRNUDEILDAR .....	12
SKÝRSLA BARNA- OG UNGLINGARÁÐS KNATTSPYRNUDEILDAR .....	15
SKÝRSLA BLAKDEILDAR.....	16
SKÝRSLA BARNA- OG UNGLINGARÁÐS BLAKDEILDAR .....	20
SKÝRSLA BORÐTENNISDEILDAR .....	22
SKÝRSLA DANSDEILDAR .....	24
SKÝRSLA BANDÝDEILDAR .....	26
HEIÐURSVIÐURKENNINGAR.....	28
VIÐAUKI 1. LÖG HK.....	32
ÁRSREIKNINGAR .....	41

# ÁVARP FORMANNS

Kæru HK-ingar

Starfsárið einkenndist enn og aftur af áhrifum heimsfaraldurs covid. Hinsvegar var félagið, starfsfólk þess og sjálfboðaliðar komnir í góða æfingu með að reka félagið í þessu ástandi og gekk það vonum fram. Engu að síður varð félagið fyrir miklu tekjutapi þar sem aflýsa þurfti skipulögðum íþróttaviðburðum og öðrum tekjuöflunarviðburðum, s.s. þorablóti og herra- og konukvöldum svo eitthvað sé nefnt. Nú horfum við til bjartari tíma þar sem útlit er fyrir að hægt verði að stunda eðlilega starfsemi á komandi ári án þess að áhrif heimsfaraldurs vofi yfir.

Félagið heldur áfram að stækka og dafna og voru iðkendur um 2400 á starfsárinu. Gera má ráð fyrir að félagið haldi áfram á þessari braut því Kópavogsbær fyrirhugar að reisa tvö ný hverfi á félagssvæðinu á næstu árum í Vatnsendahlíð og Vatnsendahvarfi.

Framkvæmdir voru töluverðar á árinu þar sem gervigras var endurnýjað fyrir utan Kórinn og nýr LED skjár var settur upp í knatthúsi. Nýir strandblaksvellir voru útbúnir og þeir eldri lagfærðir ásamt því að stórbæta alla aðstöðu til iðkunar á svæðinu við Fagralund.

Félagsaðstaða HK er er eins og það gerist best á landinu, en passa þarf upp á að viðhald og þróun aðstöðunnar sé í takt við nýtingu og stækkun félagsins. Ekki hafa allar deildir jafn góða aðstöðu og unnið er að því að bæta þar úr.

Kópavogsbær hefur ákveðið að ráðast í byggingu nýrrar stúku og gervigrass við gafli knatthúss. Bygging nýrrar stúku gerir það að verkum að meistaraflokkar í knattspyrnu geta spilað keppnisleiki utandyra. Búið er að setja á laggirnar nefnd skipaða fulltrúum frá Kópavogsbæ og HK til greina þarfir og skipuleggja vinnuna. Ljóst er að þetta mannvirki mun breyta allri ásýnd við Kórinn og ramma inn félagssvæði HK. Hugmyndir eru um að styrkja enn frekar stöðu HK í efri byggðum sem miðstöð og félagslegt athvarf fyrir hverfisbúa.

Lokið var við innleiðingu á nýju bókhaldskerfi og stjórnendasýn, en nýja kerfið er mikil bylting fyrir starfsmenn félagsins. Ráðist var í gerð starfsreglna fyrir aðalstjórn og framkvæmdastjóra og verklag í ofbeldismálum var uppfært.

Rekstur félagsins hefur verið með ágætum og niðurstaðan viðunandi þrátt fyrir að erfitt hafi verið að halda viðburði og draga björg í bú á liðnu ári. Slíkur árangur er ekki sjálfgefinn og vil ég fyrir það þakka öllum þeim sem hafa lagt lóð á vogarskálarnar. Félagið vill einnig þakka



stjórnvöldum og íþróttahreyfingunni fyrir að hafa lagt sitt af mörkum til að gera reksturinn bærulegri.

Tímamót urðu á liðnu starfsári þar sem formaður félagsins ákvað að láta gott heita og lét af störfum fyrir félagið. Ég vil þakka Sigurjóni, fráfarandi formanni, fyrir vel unnin störf og óeigingirni í störfum sínum fyrir félagið. Sigurjón stýrði félaginu m.a. í gegnum miklar breytingar þegar Kópavogsbær tók ákvörðun um skiptingu bæjarins í félagssvæði fyrir HK og Breiðablik.

Áfram HK!  
Pétur Örn Magnússon  
Formaður



# SKÝRSLA AÐALSTJÓRNAR



Aðalstjórn HK er í forsvari fyrir félagið gagnvart ÍSÍ, UMFÍ, UMSK, bæjarstjórn Kópavogs, öðrum opinberum yfirvöldum og aðalstjórnnum annarra íþróttafélaga.

Aðalstjórn ber ábyrgð á fjárreiðum deilda, hún setur deildum reglur um fjárreiður og meðferð fjármuna og hefur eftirlit með þeim. Aðalstjórn annast rekstur eigna og íþróttahúsa HK, starfrækir íþróttaskóla HK ásamt almenningsíþróttahópum.

Eftirfarandi skipuðu stjórn á starfsárinu:

<b>Pétur Örn Magnússon</b>	formaður
<b>Ásdís Kristjánsdóttir</b>	varaformaður
<b>Unnar Hermannsson</b>	gjaldkeri
<b>Einar Tómasson</b>	ritari
<b>Alexander Arnarson</b>	meðstjórnandi
<b>Árnína Steinunn Kristjánsd.</b>	varamaður og umboðsmaður yngri félaga og aðstandenda
<b>Iða Brá Benediktsdóttir</b>	varamaður
<b>Hanna Carla Jóhannsdóttir</b>	framkvæmdastjóri

HK er í dag eitt af stærstu íþróttafélögum landsins. HK er stórveldi innan sem utan vallar og framtíð félagsins er björt.

### **Helstu viðburðir á árinu 2021**

Félagið hélt stór mót í Kórnum á árinu, þ.á.m. Krónumót fyrir yngstu flokkana í knattspyrnu og Ákamótið í handbolta fyrir 7. flokk karla og kvenna. Meistaraflokkur karla í knattspyrnu féll naumlega úr efstu deild eftir þriggja ára veru meðal þeirra bestu. Meistaraflokkur kvenna í knattspyrnu léku sem nýliðar í Lengjudeildinni og héldu þar sæti sínu. Meistaraflokkur karla í handbolta endaði í efsta sæti í Grill 66 deildinni vorið 2021 og tryggði sér þar með sæti í Olís deildinni. Meistaraflokkur kvenna í handbolta hélt sæti sínu í Olís deildinni. Meistaraflokkur kvenna í blaki varð deildarmeistari og jafnframt bikarmeistarar. Karlaliðið varð í öðru sæti í deildakeppninni. Almenn getk rekstur deilda félagsins vel og árangur var góður eins og lesa má nánar í skýrslum viðkomandi deilda.

### **Aðstaða**

Aðstaða til íþróttaiðkunar hjá deildum félagsins fer batnandi. Í lok sumars 2021 lauk m.a. framkvæmdum við nýtt gervigras úti við Kórin og hefur það breytt aðstöðu knattspyrnudeildar til muna.

### **Styrktaraðilar**

Helstu styrktaraðilar HK hafa haldið tryggð við félagið og staðið þétt við bakið á félaginu á undanförunum árum og er ómetanlegt fyrir okkur HK-inga að hafa jafn öflug og traust fyrirtæki sem bakhjarla félagsins. Samkeppnin er mikil um það fjármagn sem fyrirtæki veita íþróttafélögum.

### **Frístundavagninn**

HK, Breiðablik og Gerpla reka frístundavagninn í samstarfi með tilstuðlan SÍK í þeim tilgangi að sameinast um frístundavagn fyrir iðkendur sína í samstarfi og með stuðningi frá Kópavogsbæ. Hópbílar hafa annast þennan akstur.

### **Íþróttaskóli barna**

Aðalstjórn HK í samstarfi við flotta íþróttufræðinga rak íþróttaskóla fyrir börn á aldrinum 12 mánaða til 5 ára með aðsetur í Kórnum. Þar hefur farið fram fjölbreytt og skemmtileg dagskrá sem miðar að því að efla skyn- og hreyfiproska barnanna ásamt því að kenna þeim að taka tillit hvers til annars. Markmiðið íþróttaskólans er að kynna börnin fyrir fjölbreyttri hreyfingu og verkefnum í hlýlegu umhverfi sem íþróttasalurinn á að vera sem og að gera þau hagnöfn í Kórnum.

### **Mannauður**

Mannauður HK liggur fyrst og fremst í frábærum iðkendum, kraftmiklu stjórnar- og starfsfólki ásamt þjálfurum innan allra deilda. Hjá HK starfa yfir 100 manns við þjálfun í sex deildum. Skrifstofa félagsins sér um allan daglegan rekstur félagsins og hefur eftir fremsta megni reynt að létta á störfum sjálfbóðaliða félagsins. Faglegu starfi deilda er stýrt af stjórnnum þess og ráðum en þar situr frábært fólk sem vinnur óeigingjarnt starf fyrir félagið.

Störf sjálfbóðaliða og vinnutíma þeirra er vart hægt að mæla og félagið væri ekki rekið án þeirra. Við sendum þeim sérstakar þakkir fyrir frábær störf og gott samstarf.

### **Afrekssvið MK**

Þetta var þriðja árið þar sem MK var með afrekssvið. Þar voru iðkendur úr félaginum í Kópavogi sem gátu tekið aukæfingar einu sinnu í viku undir handleiðslu þjálfara, bæði verklegar og bóklegar æfingar. Fjölmargir iðkendur HK voru hluti af hópnum þetta árið og vonandi mun þeim fara fjölgandi á næstu árum. Þá komu yfirþjálfarar handknattleiksdeildar og afreksþjálfarar knattspyrnudeildar að þjálfun innan afrekssviðs MK.

### **Heilsuefning eldri borgara**

Þetta frábæra verkefni fór í gang á árinu 2020 og er nú komið á fullt skrið eftir truflanir vegna veirufaraldursins.



## Íþróttahátíð HK

Íþróttahátíð HK 2021 var haldin hátíðleg þann 15. desember sl. í veislusal Kórsins.

Hátíðin bar með sér brag af aðstæðum í þjóðfélaginu en þó gafst tækifæri til þess að heiðra okkar fremsta íþróttafólk við lágstemmda en hátíðlega athöfn.

Íþróttarárið sem senn er að líða var lærdómsríkt og krefjandi en engu að síður unnust sætir sigrar og mikil afrek hjá íþróttafólkinu okkar á árinu.

Pétur Örn Magnússon, formaður HK setti hátíðina og ávarpaði íþróttafólk HK og aðra gesti. Louisa Christina, íþrótt- og verkefnastjóri HK tilkynnti heiðranir og Ásdís Kristjánsdóttir, varaformaður HK veitti íþróttafólki HK viðurkenningar ásamt Pétri sem afhenti íþróttakonun- og manni HK eignar og farandbikar.



Í ár voru eftirfarandi heiðranir veittar þeim íþróttamönnum HK sem þóttu hafa skarað framúr á árinu og sem tilnefndir voru af félaginu og deildum til íþróttafólks Kópavogsbæjar í viðeigandi flokki.

### Íþróttafólk HK 2021

**Íþróttakona HK** - Hjördís Eiríksdóttir úr blakdeild HK.

**Íþróttamaður HK** - Valgeir Valgeirsson úr knattspyrnudeild HK.



Hjördís Eiríksdóttir spilaði mikilvægt hlutverk í ungu og efnilegu liði HK. Hjördís er með reyndari leikmönnum liðsins og gegndi mjög mikilvægu hlutverki á síðasta tímabili. Hún er fyrirliði liðsins og leiddi liðið með því að vera fremst meðal jafningja að glæstum sigrum sem unnust á síðasta ári, en liðið varð Meistari meistaranna, deildarmeistari og bikarmeistari. Einnig varð Hjördís Íslandsmeistari í strandblaki síðasta sumar þannig að hún vann nánast allt sem hægt var að vinna. HK leggur mikið upp úr því að ala upp unga leikmenn og þar var Hjördís frábær fyrirmynd fyrir yngri leikmenn innan vallar og utan þar sem hún sýndi með góðri ástundun, ósérhlífni og reglusemi hvernig góðir íþróttamenn hegða sér. Hjördís lauk sínum ferli í bili að minnsta kosti síðasta vetur, en skildi eftir mikla reynslu og þekkingu í liðinu sem það nýtir á yfirstandandi leiktíð.

Valgeir var í lykilhlutverki hjá meistaraflokki HK í sumar í efstu deild eftir að hafa verið hjá Brentford í Englandi veturinn 2020-21. Valgeir var einnig valinn í U-21 árs landslið Íslands og lék sína fyrstu leiki fyrir þann aldursflokk og hefur nú leikið fyrir öll yngri landslið Íslands.

Valgeir er metnaðarfullur og er gæddur þeim eiginleika að geta dregið liðið með sér áfram í átt að góðum árangri. Þrátt fyrir ungan aldur hefur Valgeir sannað sig sem góð fyrirmynd fyrir yngri leikmenn félagsins. Hann gefur mikið af sér og sannar að allt er hægt ef vilji er fyrir hendi. Valgeir er fljótur,

duglegur, áræðinn og sýnir enga miskunn inni á vellinum. Hann er því vel að þessari viðurkenningu kominn.

**Unga og efnilega íþróttafólkið okkar var líka heiðrað, en eftirfarandi íþróttafólk var tilnefnt til íþróttakarls og -konu Kópavogsbæjar í flokknum 13-16 ára árið 2021:**

#### **Frá Blakdeild HK**

Sigurður Kári Harðarson  
Helena Einarsdóttir

#### **Frá Dansdeild HK**

Guðjón Erik Óskarsson  
Eva Karen Ólafsdóttir

#### **Frá Knattspyrnudeild HK**

Kristján Snær Frostason  
Henríetta Ágústsdóttir

#### **Frá Handknattleiksdeild HK**

Embla Steindórsdóttir  
Ingibert Snær Erlingsson

#### **Frá Borðtennisdeild HK**

Björgvin Ingi Ólafsson

**Á árinu 2021 voru eftirfarandi flokkar heiðraðir fyrir góðan árangur:**

#### **Blak**

Meistaraflokkur kvenna en liðið varð Meistari meistaranna, deildarmeistari og bikarmeistari



#### **Knattspyrna**

2. flokkur karla

#### **Handknattleiksdeild**

Meistaraflokkur karla

#### **Dans**

Dansparið Gylfi Már Hrafnsson og María Tinna Hauksdóttir

**Þeir einstaklingar, í flokki fullorðinna, sem deildir félagsins tilnefndu til íþróttamanns og -konu HK 2021 eru:**

#### **Blakdeild HK**

Lúðvík Már Matthíasson  
Hjördís Eiríksdóttir

#### **Dansdeild HK**

Gylfi Már Hrafnsson  
María Tinna Hauksdóttir

#### **Handknattleiksdeild HK**

Sigurjón Guðmundsson  
Elna Ólöf Guðjónsdóttir

#### **Knattspyrnudeild HK**

Isabella Eva Aradóttir  
Valgeir Valgeirsson

#### **Borðtennisdeild HK**

Óskar Agnarsson

**Til hamingju allir með frábæran árangur á árinu 2021. Áfram HK!**







## SKÝRSLA HANDKNATTLEIKSDEILDAR

Deildarstjórn skipuðu á starfsárinu:

<b>Guðjón Björnsson</b>	Formaður
<b>Daníel Berg Grétarsson</b>	Varaformaður
<b>Guðmundur Ómar Hafsteinsson</b>	Gjaldkeri
<b>Björn Þórsson Björnsson</b>	Ritari
<b>Ármann Davíð Sigurðsson</b>	Meðstjórnandi
<b>Pétur Helgason</b>	Meðstjórnandi
<b>Friðrika Alda Sigvaldadóttir</b>	fulltrúi meistaraflokksráðs kvenna
<b>Valdís Arnarsdóttir</b>	fulltrúi meistaraflokksráðs karla
<b>Erla Hanna Hannesdóttir</b>	fulltrúi barna- og unglíngaráðs

Árið er 2021 og heimsfaraldurinn ekki lokið. Hefur heimsfaraldurinn haft töluverð áhrif á starfsemi íþróttahreyfingarinnar og við í handknattleiksdeildinni ekki farið varhluta af því. Áhorfendur hafa ýmist verið bannaðir eða örfáir mátt mæta á leiki og þá í aðgreindum hólfum.

Kvennaliðið spilaði í Olísdeildinni og endaði tímabilið 2020/21 í 7. sæti og fór í umspil við lið úr Grill 66 deildinni til að halda sæti sínu sem tókst.

Karlaliðið spilaði í Grill 66 deildinni og endaði í efsta sæti með jafnmörg stig og Víkingur en þar sem það vannst sigur í báðum innbyrðis viðureignunum þá vann HK deildina og fór beint upp í Olísdeildina.



HK var einungis með u-lið kvennamegin tímabilið 2020/21 og enduðu stelpurnar í 6. sæti með 7 sigra og 1 jafntefli í 16 leikjum.

Nú um áramótin var staðan á liðunum kannski ekki eins og vonast var til. Í Olísdeild kvenna voru komin 7 stig í hús og má það teljast ágætt þar sem töluvert var um forföll, bæði leikmenn að fara í fæðingarorlof og aðrir að koma úr slíku. Því var mikið notast við ungu stelpurnar okkar í 3. flokki sem hafa staðið sig með miklum sóma og er framtíðin björt hjá stelpunum.

Þjálfarskipti urðu karlamegin um mitt ár þar sem Elías fékk tilboð um þjálfun efstu deildarliðs í Noregi. Sebastián Alexandersson og Guðfinnur Kristmannsson tóku við liðinu og fengu þeir það skemmtilega og jafnframt erfiða hlutverk að taka við ungu og óreyndu liði HK. Um áramótin var einungis komið eitt stig í hús hjá strákunum sem þeir fengu eftir hörkuleik í Vestmannaeyjum. En það verður ekki tekið af strákunum að þeir hafa verið inni í nánast öllum leikjum og töpuðust margir þeirra með litlum mun.

Það var ákveðið að fara mjög varlega á leikmannamarkaðnum fyrir átökin í Olísdeildunum tímabilið 2021/22. Nægur efniviður þykir vera til staðar í yngri flokkunum til að byggja á þótt það kunnist að kosta stig og jafnvel fall.

Tímabilið 2021/22 var ákveðið að vera með unglingsliði hjá báðum kynjum. Stelpurnar spiluðu áfram í Grill 66 deildinni og strákarnir í 2. deild karla. Þessi lið eru aðallega hugsuð til að yngri leikmenn geti fengið mínútur í meistaraflokki.

Fjármálin hafa verið í ágætum farvegi og er það aðallega því að þakka að ríkið ákvað að

koma íþróttahreyfingunni til aðstoðar. Einnig hafa fyrirtæki verið dugleg að koma inn með stuðning. Það hafði samt sem áður áhrif á fjármálin að lítið var um áhorfendur og engin sjoppusala fyrri hluta ársins. Meistaraflokksráðin voru dugleg og keyrðu nokkrar safnanir og er það algjörlega frábært hve góður árangur náðist úr þeim.

Eins og fyrri ár þá voru leikmenn að renna út á samningum og var farið í að semja við leikmennina og gekk það að mestu leyti vel.

Á síðasta aðalfundi deildarinnar voru nokkrar breytingar í stjórn og kom Daníel Berg Grétarsson nýr inn í stjórnina og svo skiptu þau Erla Hanna og Guðmundur Ómar um stóla. Guðmundur kom inn í deildastjórn og Erla Hann tók við sem formaður barna- og unglingsráðs.

Handknattleiksdeildin er virkilega þakklát öllum óeigingjörnu sjálfboðaliðunum, ásamt leikmönnum og þjálfurum, sem hafa verið boðnir og búnir að leggja hönd á plóg með fórnfýsi og elju, hvort sem það er í stjórn, ráðum eða á heimaleikjum. Ef ekki væri fyrir þessa fórnfýsi hjá fólkinu okkar þá væri umgjörðin hjá okkur í HK ekki svona góð eins og raun ber vitni. Það sem fólkið okkar kemur að eru samfélagsmiðlarnir, ritara- og tímavarðastörf, streymið, kynnar á leikjum, uppsetning á búnaði fyrir leik og frágangur eftir leik ásamt öllu því sem ég er að gleyma að telja hér upp.

Þetta starf er ómetanlegt fyrir félagið okkar HK.

Fyrir hönd stjórnar,

**Guðjón Björnsson**

Formaður handknattleiksdeildar



# SKÝRSLA BARNA- OG UNGLINGARÁÐS HANDKNATTLEIKSDEILDAR

Stjórn Barna- og unglíngaráðs á starfsárinu:

<b>Erla Hanna Hannesdóttir</b>	Formaður
<b>Þorbergur Skagfjörð Ólafsson</b>	Varaformaður
<b>Sigurborg Kristinsdóttir</b>	Gjaldkeri
<b>Sindri Sveinsson</b>	Ritari
<b>Auður Arna Antonsdóttir</b>	Meðstjórnandi
<b>Erlingur Snær Erlingsson</b>	Meðstjórnandi
<b>Sonja Steinarsdóttir</b>	Meðstjórnandi

Árið 2021 einkenndist áfram af áhrifum heimsfaraldursins og riðluðust bæði æfingar, leikir og keppnir hjá iðkendum HK. En eins og árið á undan voru þjálfarar og iðkendur tilbúnir til að bregðast við breyttum aðstæðum og gerðu hvað þeir gátu til að missa af sem minnstu. Við þökkum að sjálfsögðu þjálfurum okkar fyrir vel unnin störf á þessum óvenjulegu tímum.

Snemma ársins 2021 urðu breytingar á yfirþjálfarastöðu handboltans hjá HK og fengum við til liðs við okkur HK-inginn Hákon Bridde. Hákon kom inn með margar og góðar hugmyndir af því hvernig mætti gera gott starf enn betra og hefur hann verið ráðinn í 100% stöðu hjá félaginu.

Yngri flokka starfsemi HK fer fram á þremur stöðum, á Kársnesi, í Digranesi og svo í okkar stóru og flottu aðstöðu í Kórnum. Iðkendur eru vel yfir 500 talsins og stefna okkar er að fjölga iðkendum á næstu árum þótt við séum nú þegar ein stærsta deildin á landinu.

Hlutverk félagsins er að skapa umhverfi sem hvetur félagsmenn til að ná markmiðum sínum og skara fram úr í leik og starfi og að allir iðkendur fái að njóta sín og fái verkefni við hæfi.

Undanfarið hefur verið unnið sérstaklega vel að því að skipuleggja séræfingar svo sem

styrktaræfingar, markmannsæfingar og afreksæfingar fyrir þá sem vilja æfa meira en æfingataflan segir til um. HK getur státað sig af velgengni einstakra flokka ásamt því að eiga fulltrúa í öllum yngri landsliðum og er handknattleiksdeildin stolt af sínum iðkendum.



Rekstur barna- og unglíngaráðs hefur gengið vel þrátt fyrir veirufaraldurinn. Áhorfendur hafa ekki mátt vera á öllum mótum og mótafyrirkomulag því verið með öðru sniði en vanalega en núna horfir til bjartari tíma.

Barna- og unglíngaráð HK hélt fjögur mót fyrir yngri flokka á þessu tímabili sem tókust vonum framar þrátt fyrir samkomu- takmarkanir og breyttar reglur fyrir hvert og eitt mót. Ljóst er að aðkoma að mótum sem slíkum krefst þess að margir leggi hönd á plóg. Við erum það lánsöm hér hjá HK að hafa úrvals iðkendur og foreldra sem tilbúnir



eru að taka þátt í þeirri ómetanlegu vinnu og erum við þeim mjög þakklát.

Að lokum vill Barna- og unglingaráð þakka iðkendum HK, foreldrum, þjálfurum og

skrifstofu HK fyrir gott samstarf á þessu starfsári.

Fyrir hönd Barna- og unglingaráðs,

**Erla Hanna Hannesdóttir**

Formaður





## SKÝRSLA KNATTSPYRNUDEILDAR

Deildarstjórn skipuðu á starfsárinu:

<b>Frosti Rey Rúnarsson</b>	formaður	<b>Kristófer Þór Pálsson</b>	gjaldkeri
<b>Davíð Freyr Albertsson</b>	varaformaður	<b>Ólafur Karl Eyjólfsson</b>	ritari
<b>Hilmar Rafn Kristinsson</b>	meðstjórnandi	<b>Eiríkur Önundarson</b>	meðstjórnandi
<b>Hjörtur Þór Steindórsson</b>	meðstjórnandi		

Fulltrúar ráða:

<b>Baldur Már Bragason</b>	formaður meistaraflokksráðs karla
<b>María Rúnarsdóttir</b>	fulltrúi meistaraflokksráðs HK
<b>Sigurður Flosason</b>	formaður barna og unglingsráðs

Á árinu 2021 héldum við áfram að byggja upp öflugra starf innan okkar raða. Við þurfum stöðugt að leita leiða til að bæta okkar starf í barna- og unglingsstarfinu sem og í meistaraflokkum HK. Árangur okkar hjá meistaraflokkum karla og kvenna var ekki nægilega góður á síðasta ári. Meistaraflokkur kvenna bjargaði sér frá falli á síðustu metrunum en meistaraflokkur karla mistókst að halda sér í efstu deild. Hjá meistaraflokki kvenna var mikil gleði að halda sér uppi og með nýju þjálfarateymi hefur orðið jákvæð framþróun á liðinu og höfum við mikla trú á því sem verið er að byggja upp þar. Vonbrigðin hjá strákunum urðu mikil þegar ekki náðist tilætlaður árangur. Slík vonbrigði verða hjá

leikmönnum, starfsliði, stjórn, sjálfboðaliðum, stuðningsmönnum sem og okkar yngstu iðkendum. Við höfðum gert ráð fyrir því að þessi staða gæti komið upp en við verðum að stefna að því að koma félaginu sem fyrst aftur upp í efstu deild. Það skiptir félagið miklu máli að eiga sterkar fyrirmyndir í efstu deildum karla og kvenna. Við eigum að hugsa stórt og stefna að því að festa okkur í sessi í efstu deild til lengri tíma. Okkar fjölmörgu ungu iðkendur sem hafa áhuga á því að stunda þessa íþrótt af kappi þurfa að geta stefnt að því að spila fyrir hönd HK á meðal þeirra bestu á Íslandi. Þrátt fyrir mikil vonbrigði þá skiptir meira máli hvernig við bregðumst við í mótlæti. Við þurfum öll að velta fyrir okkur



hvað fór úrskeiðis, hvað hver og eitt okkar hefði getað gert betur, hvernig við ætlum að standa upp eftir að hafa verið slegin niður. Við þurfum að sýna úr hverju við erum gerð. Við þurfum að standa saman að því að styrkja okkar innviði. Leggjum meira á okkur. Stefnum hærra. Náum lengra. Við eigum ekki að sætta okkur við að vera ekki á meðal þeirra bestu. Við náum lengra með því að vera með uppbyggilega gagnrýni. Við þurfum að hafa hugrekki til að taka erfiðar ákvarðanir. Við þurfum að búa til bestu umgjörð sem völ er á fyrir alla okkar iðkendur. Gerum kröfur. Verum hvetjandi. Leitum leiða til að ná því besta út úr öllu okkar fólki.

Við erum með frábæra sjálfboðaliða innan okkar raða. Allt stjórnarfolk í knattspyrnu-deild og barna- og unglingaráði, meistaraflokksráð kvenna, allir þeir sjálfboðaliðar sem koma að öllum okkar leikjum í meistaraflokkum karla og kvenna ár eftir ár sem m.a. eru í liðsstjórn eða sjá um framkvæmd leikjanna, aðilar sem koma að þeim mótum sem við höldum fyrir yngri flokka, s.s. Krónumótið og Auðarmótið. Aðrir þeir fjölmörgu aðilar sem gefa af sér vinnu til knattspyrnudeildar HK. Uppbygging íþróttastarfs gengur ekki án þess að eiga góða að. Þetta er gríðarlega mikilvægur þáttur í öllu okkar starfi. Hjá okkur er fólk að gefa af sér margar klukkustundir í kringum einstaka viðburði eða jafnvel daga í kringum fótoltamót eða upp í tugi klukkustunda á viku flestar vikur ársins. Það er mjög mikilvægt fyrir knattspyrnudeild eins og okkar að fá þennan stuðning en að því sögðu þá er ljóst að þetta framlag er líka gefandi fyrir sjálfboðaliðana. Fólki finnst það skila starfi til samfélagsins til að láta það

ganga. Reynsla og þekking hvers og eins getur nýst félagi eins og HK og verið mjög dýrmæt inn í þann rekstur. Við viljum að okkar sjálfboðaliðum líði vel, þetta sé sameiginlegt og skemmtilegt ferðalag. En lengi má gott gera betur. Tökum þátt í því að fjölga sjálfboðaliðum innan okkar raða. Það eru fjölmörg störf sem fleiri hendur gætu unnið betur en einnig vantar sjálfboðaliða til að sinna hinum ýmsu störfum á ólíkum vígstöðvum innan okkar raða.



Mig langar að ítreka það sem ég hef sagt áður; HK er í einstakri stöðu til að skara fram úr. Það sem gerir stöðu HK svona sterka eru góðir og vel menntaðir þjálfarar, besta aðstaða á Íslandi til knattspyrnu-iðkunar sem og þessi mikli fjöldi iðkenda sem gerir okkur kleift að starfrækja sterka deild. Við viljum að HK sé eftirsóknarverður staður til að stunda íþróttir sem og vinnu. Við viljum að öflugustu iðkendur landsins horfi til þess starfs sem unnið er hjá HK en einnig að bestu þjálfarar landsins geri slíkt hið sama. Við eigum að hugsa stórt og við getum farið með HK þangað sem hugur okkar dreymir.

Að lokum vil ég þakka Kópavogsbæ, KSÍ og aðalstjórn HK fyrir gott samstarf og stuðning, meðstjórnendum mínum í stjórninni fyrir samstarfið en stjórn

knattspyrnudeildar HK tekur virkan þátt í verkefnum deildarinnar sem er mjög mikilvægt. Mig langar að þakka Elvari Bergþórssyni fyrrverandi formanni B&U sem hætti á tímabilinu fyrir samstarfið sem og Jóhanni Gunnarssyni sem hætti einnig í B&U. Stjórn B&U fær einnig þakkir fyrir mjög gott samstarf á árinu. Þá vil ég þakka starfsmönnum á skrifstofu HK og öðrum starfsmönnum í Kórnum fyrir gott samstarf. Einnig vil ég koma á framfæri miklu þakklæti til þjálfara og allra þeirra

sjálfboðaliða sem hafa unnið að uppbyggingunni með okkur. Síðast en ekki síst vil ég þakka öllum þeim styrktaraðilum sem hafa lagt deildinni lið á árinu, en þeir skipta öllu varðandi hversu gott starf er unnið innan raða knattspyrnudeildarinnar.

Fyrir hönd stjórnar,  
**Frosti Reyur Rúnarsson**  
Formaður knattspyrnudeildar HK



# SKÝRSLA BARN- OG UNGLINGARÁÐS KNATTSPYRNUDEILDAR

Stjórn Barna- og unglingaráðs knattspyrnudeildar skipuðu á starfsárinu:

<b>Sigurður Garðar Flosason</b>	Formaður	<b>Sigurrós L. Grétarsdóttir</b>	Meðstjórnandi
<b>Á. Örvar Jónsson</b>	Meðstjórnandi	<b>Jóhann Gunnarsson</b>	Fv. meðstjórnandi
<b>Þorvar Hafsteinsson</b>	Meðstjórnandi	<b>Elmar Bergþórsson</b>	Fv. formaður

Árið 2021 var áfram markað af heimsfaraldrinum og fylgdu því áskoranir en starfsfólk knattspyrnudeildar HK stóð vaktina vel og hélt starfsemi gangandi eins vel og kostur var á.

Fjárhagsstaða B&U er á finum stað og hefur sú vinna sem stjórnin hefur farið í undanfarin ár skilað okkur á þann stað sem hún er í dag. Sú vinna sem unnin hefur verið innan B&U undanfarin ár hefur gefið okkur ráðrúm og tækifæri til þeirra athafna sem við teljum að þurfi til að efla starfið.

Þrátt fyrir góða fjárhagsstöðu, var ákvörðun tekin um að hækka æfingagjöld um 3-4% frá fyrra ári. Rökin þar á bakvið voru meðal annars almennar launahækkningar í landinu og ekki síður sú staðreynd að við viljum hafa svigrúm til að búa betur í haginn til næstu ára, bæta þjálfarateymið enn frekar sem og tæki og búnað þegar þurfa þykir.

Árið sem við gerum nú upp hefur verið áhugavert og mikil reynsla fyrir okkur sem setið höfum í ráðinu. Hópurinn hefur verið samhentur og samstarfið með besta móti.



Núverandi ráð hefur ákveðið að gefa kost á sér áfram. Við viljum samt taka það fram að við fögnum öllum nýjum meðlimum og hvetjum því hér með HK-inga að taka þátt í þessu skemmtilega starfi.

Sjálfur tók ég við formennsku í haust þegar Elmar Bergþórsson lét af formennsku sinni eftir rúmlega tveggja ára setu. Ég vil nýta tækifærið og þakka Elmari sem og Jóhanni Gunnarssyni fyrir þeirra framlag til B&U í gegnum árin. Afraksturinn sem við nú leggjum fyrir aðalfund er að mínu mati vel ásættanlegur og í samræmi við það sem lagt var af stað með.

Fyrir hönd B&U vil ég að lokum þakka öllum; starfsfólki, þjálfurum, iðkendum og foreldrum fyrir samstarfið á liðnu ári. Ég horfi með mikilli tilhlökkun til samstarfsins í B&U á því tímabili sem framundan er.

Fyrir hönd barna og unglingaráðs,  
**Sigurður Garðar Flosason**  
Formaður







## SKÝRSLA BLAKDEILDAR

Deildarstjórn skipuðu á starfsárinu:

<b>Anný Berglind Thorstensen</b>	Formaður
<b>Heiða Ösp Ingvadóttir</b>	Gjaldkeri
<b>Vilborg Bjarnadóttir</b>	Ritari
<b>Arnar Birkir Björnsson</b>	Meðstjórnandi
<b>Anna Kristjánsdóttir</b>	Meðstjórnandi
<b>Anna G. Stefánsdóttir</b>	Meðstjórnandi

<b>Egill Júlíusson</b>	Meðstjórnandi
<b>Ana María F. Pérez</b>	Meðstjórnandi
<b>Sveinbjörn Jónsdóttir</b>	Meðstjórnandi
<b>Tómas Torfason</b>	Meðstjórnandi
<b>Líney Inga Guðmundsd.</b>	Meðstjórnandi

Annað árið í röð setti Covid-19 mark sitt á blaktímabilið. Fimmtán lið frá HK voru skráð á Íslandsmót Blaksambands Íslands (BLÍ) fyrir tímabilið 2020 – 2021 í öllum deildum nema fyrstu deild karla þar sem ekki var næg þátttaka annarra liða. Tvö af þessum liðum kepptu undir merkjum HK-Ýmis. Kvennalið meistaraflokks blakdeildar HK átti mjög gott tímabil og varð deildar- og Íslandsmeistarar fyrir keppnistímabilið 2020 til 2021. Einnig varð liðið Meistarar meistaranna 2021. Vegna Covid voru engar túrningar neðri deilda tímabilið 2020 – 2021. Annar Íslandsmeistaranna í strandblaki kvenna 2021 var frá blakdeild HK og á Íþróttahátíð HK 2021 var blakkona valin Íþróttakona ársins 2021 og lið ársins 2021 var meistaraflokkur kvenna í blaki.

### Stjórn og stjórnarkjör

Þær breytingar urðu á stjórn blakdeildar árið 2021 að Sigurður R. Árnason, Guðný Káradóttir og Matthildur Einarsdóttir hættu í stjórn. Nýir meðlimir í stjórn voru Egill Júlíusson, Heiða Ösp Ingvadóttir, Líney Inga Guðmundsdóttir og Sveinbjörg Jónsdóttir. Heiða Ösp tók jafnframt við sem gjaldkeri af Sigurði. Anný Berglind Thorstensen var áfram formaður og Vilborg Bjarnadóttir ritari. Aðrir meðstjórnendur voru Tómas Torfason, Anna Guðrún Stefánsdóttir, Arnar Birkir Björnsson, Anna Kristjánsdóttir og Ana María Fernández Pérez. Anna Guðrún Stefánsdóttir var áfram sóttvarnarfulltrúi blakdeildarinnar að kröfu Blaksambandsins vegna Covid-19.

### Íslandsmót Blaksambands Íslands 2020 – 2021

Blakdeild HK átti samtals 15 lið á Íslandsmóti BLÍ 2020 – 2021, þrettán lið kepptu í neðri deildum og tvö lið kepptu í Úrvalsdeildinni. Meistaraflokkur kvenna varð í öðru sæti á Íslandsmótinu og meistaraflokkur karla í þriðja til fjórða sæti.

### Deildarkeppni Blaksambands Íslands 2020 – 2021

Kvennalið HK varð deildarmeistari og karlaliðið varð í öðru sæti.

### Bikarkeppni Kjöríss 2020 – 2021

Kvennalið HK voru krýndir bikarmeistarar og karlaliðið komst í undanúrslit.



### Meistarar meistaranna 2021

Kvennalið HK varð Meistarar meistaranna 2021.

### Mótahald HK

Vegna Covid-19 þurfti að aflýsa HK trimm og ekki var unnt að halda fyrirtækjamót HK heldur að þessu sinni. Einnig stóð til að halda Blakmót fjármálafyrirtækja í Kórnum en því var aflýst vegna Covid-19. Ein túrning neðri deilda var haldin í Digranesi og Fagralundi haustið 2021. Þessi mót eru gríðarlega mikilvæg fjáröflun fyrir meistaraflokkana og allt starf innan blakdeildar og var tekjumissirinn árið 2021 því töluverður vegna þessa.

### Hollvinir blakdeildar HK – HK Blakarar

Nokkrar breytingar voru gerðar á greiðslufyrirkomulagi hjá Hollvinafélagi blakdeildar HK og allt færð undir greiðslukerfi hjá Sportabler. Þessi breyting auðveldar allt fyrirkomulag bæði fyrir Hollvini sem og aðra. Markmið hollvinafélagsins er enn sem áður að efla og styðja við allt blakstarf innan blakdeildar HK en þó sérstaklega við meistaraflokka og barna- og unglíngastarf. Með því að gerast hollvinur blakdeildar HK leggja hollvinir sitt af mörkum til að styrkja þetta mikilvæga starf sem fram fer innan blakdeildarinnar og færur við hollvinum hjartans þakkir fyrir þeirra stuðning.

### Aðstaða

Miklar breytingar voru gerðar haustið 2021 til batnaðar varðandi æfingaaðstöðu blakdeildar HK og hluti æfinga færður í Digranes. Einnig voru allir heimaleikir meistaraflokka sem og flestir leikir fyrstu deilda færðir í Digranes. Þrátt fyrir ýmislegt rót sem fylgir því að hafa æfingar og leiki á tveimur stöðum er húsnæðið í Digranesi bæði varðandi æfingar og leiki mun hentugri en í Fagralundi og er þessi breyting því mikil lyftistöng fyrir blakdeild HK. Lofthæðin í Digranesi er mjög góð fyrir blakiðkun og einnig er hægt að vera með fjóra velli í notkun fyrir æfingahópa á sama tíma í stað þriggja í Fagralundi. Æfingatímar blakdeildar HK í Digranesi eru þó allir það seint á deginum að þeir nýtast ekki sem skildi fyrir barna- og unglíngastarfið. Þar myndi það klárlega koma sér vel að geta verið með fjórar æfingar í gangi á sama tíma í stað þriggja þar sem mikil fjölgun iðkenda hefur átt sér stað hjá börnum og unglíngum. Einnig væri hægt að vera með æfingar beggja meistaraflokkanna á sama tíma ef hægt væri að skipta salnum þversum í tvo velli. Til þess að það megi verða þarf að bæta þessum merkingum við gólfíð í Digranesi. Það eru því ýmis tækifæri í betri nýtingu á æfingatímum blakdeildar HK í Digranesi. Samhliða þessum

breytingum í Digranesi var búnaður, s.s. net og stangir, uppfærður að hluta. Eins og staðan er núna er allur búnaður blakdeildar á hálfgerðum hrakhólum í Digranesi. Bera þarf stangir og net langa vegalengd sem tekur mikilvægan tíma frá æfingum og boltar eru geymdir inni í búningsklefa. Það væri því mikil framför ef blakdeildin fengi góðan og aðgengilegan geymslustað fyrir sinn æfingabúnað í Digranesi ásamt því að fá vagn eða trillu til að flytja stangir. Endurnýjun búnaðar er gríðarlega mikilvæg í öllu íþróttastarfi og var ýmsu nýju bætt við búnað blakdeildar á árinu 2021, s.s. 30 nýir v200W boltar, dómara hlíf, jump tester, tvær nýjar boltakörfur, kassar til að æfa móttöku, ný flettisþjöld, ýmis búnaður fyrir leikjahald ásamt handflautum sem hafa reynst mjög vel í Covid ástandi.

Haustið 2021 var skrifað undir samning við Hæfi sjúkrapjálfun sem auðveldar aðgengi leikmanna meistaraflokka að sjúkrapjálfurum og er það mikil framför frá því sem verið hafði. Meistaraflokkar héldu áfram að sækja styrktarpjálfun hjá Spórtu enda er styrktarpjálfun gríðarlega mikilvægur hluti allrar þjálfunarinnar en best væri ef styrktarpjálfunin gæti farið fram á æfingastað leikmanna t.d. í Digranesi. Í nokkur ár hafa meistaraflokkar haft til umráða sér klefa í Fagralundi og hefur það reynst vel en engin slík aðstaða er fyrir meistaraflokkana í Digranesi. Samskipti við rekstraraðila og húsráðendur hafa gengið vel að vanda þrátt fyrir ýmsar áskoranir sem fylgt hafa sóttvörnum og öðru tengt Covid. Það væri þó til mikilla bóta fyrir blakdeildina að breyta fyrirkomulagi á þvotti keppnisbúninga leikmanna í meistaraflokki sem núna fer fram á heimili einhvers leikmanns sem tekur þetta verkefni að sér.

### Heimaleikir

Eins og nefnt var hér að framan voru gerðar töluverðar breytingar á heimaleikjum blakdeildar HK haustið 2021. Ýmsar áskoranir hafa fylgt þessu breytta

fyrirkomulagi hvað varðar að flytja búnað s.s. bolta á milli staða fyrir leiki og einnig hafa leikir skarast við aðra starfsemi í Digranesi. Það var viðbúið að þessi breyting þyrfti smá aðlögunartíma en við hjá blakdeild HK erum reynslunni ríkari eftir veturinn og horfum björtum augum fram á veginn hvað varðar heimaleiki deildarinnar í Digranesi og samstarf við aðrar deildir sem þar eru. Mikið hefur verið lagt í að hafa umgjörðina sem besta. Í Úrvalsdeildinni skiptust karla og kvennaliðin á að sjá um ritaraborð og línuvörslu en önnur lið sem keppa í neðri deildum Íslandsmóts BLÍ sáu um aðra umsjón leikjanna s.s. að sækja bolta og standa vaktir í sjoppunni þegar það var leyfilegt. Vegna Covid-19 samkomutakmarkana var einungis hægt að selja inn á nokkra heimaleiki meistaraflokkanna í Úrvalsdeildinni en einnig var hægt að kaupa heimaleikjakort á alla heimaleiki fyrir utan úrslitakeppnina og hollvínakort. Sú breytinga var gerð haustið 2021 að miðasala var færð inn á appið Stubb og því hægt að kaupa miða á leiki fyrirfram ásamt því að allar upplýsingar um áhorfendur voru skráðar í appið sem auðveldaði allt utanumhald á skráningum tengt Covid-19.

### Þjálfaramál

Skrifað var undir þriggja ára samning við Massimo Pistoia fyrir tímabilið 2021 – 2022 sem þjálfari meistaraflokks karla og gildir hann því út tímabilið 2023 - 2024. Hann var einnig ráðinn aðstoðarþjálfari meistaraflokks kvenna sem og þjálfari yngri flokka. Emil Gunnarsson var ráðinn til áframhaldandi starfa í þjálfun meistaraflokks kvenna til loka tímabils 2021 – 2022. Tihomir Paunovski hélt áfram sem aðal þjálfari neðri deildar liða fyrir tímabilið 2021 – 2022 og honum til aðstoðar voru Mateusz Klóska og Stefán Þorsteinsson. Tihomir var einnig ráðinn sem aðstoðarþjálfari meistaraflokks karla og til að þjálfar yngri flokka, en ásamt honum og Massimo er Natalia Raava einnig að þjálfar yngri flokka.



## Strandblak og strandblaksaðstaða

Sumarið 2021 var loksins farið í breytingar á strandblaksvöllunum við Fagralund og því vellirnir þar orðnir fjórir í stað tveggja. Völlunum var snúið þannig að þeir eru ekki lengur langsum heldur þversum upp við trén og breytir það miklu m.t.t. síðdegissólar. Aðstaðan var einnig bætt þannig að búin var til hljóðmön sem þjónar einnig hlutverki áhorfendasvæðis og svæðið í kring sléttað. Óhætt er að segja að eftir þessa breytingu er strandblakssvæðið við Fagralund orðið besta svæði til strandblaksiðkunar á höfuðborgarsvæðinu. Tvö strandblaksmót voru haldin af blakdeild HK sumarið 2021, annað þeirra var haldið á tveimur stöðum þar sem aðstaðan í Fagralundi var ekki tilbúin en Íslandsmótið var síðan haldið á nýju svæði í Fagralundi. Mikil ánægja er bæði meðal iðkenda í strandblaki með þessa nýju aðstöðu sem og mótshaldara þar sem fjórir vellir á einum stað gerir það kleift að halda mót á einum stað. Næstu skref til að gera þessa aðstöðu enn betri væri að fá geymsluskúr á svæðið sem og rafmagn og vatn. Þessi bættu aðstaða verður án efa mikil lyftistöng fyrir strandblak á Íslandi og ekki síður innan HK. Margir af iðkendum í strandblaki koma frá HK og annar núverandi Íslandsmeistara er Hjördís Eiríksdóttir frá HK.

## Yngri flokkar

Starf yngri flokka hefur gengið með ágætum á tímabilinu þrátt fyrir ýmiss konar samkomutakmarkanir. Einnig er mikil fjölgun meðal iðkenda sem hafa sem betur fer skilað sér aftur til baka í starfið eftir að samkomutakmörkunum er aflétt.

## Leikmannamál

Nokkrar breytingar urðu á leikmannahópum beggja meistaraflokks liðanna haustið 2021. Þrjú leikmenn úr meistaraflokki kvenna og einn úr meistaraflokki karla fóru til erlendra liða, nokkrir leikmenn tóku sér hvíld frá blaki og enn aðrir vildu fá tækifæri til að reyna sig

annarsstaðar. Að sama skapi gengu nokkrir nýir leikmenn til liðs við blakdeild HK frá öðrum félögum. Engin landsliðsverkefni voru hjá A landsliðinu en hjá yngri landsliðum tóku fjölmargir leikmenn frá HK þátt. Fimm leikmenn frá HK voru á Smáþjóðamóti U-19 kvenna þar sem Ísland lenti í fyrsta sæti, á U-17 móti Nevza í Danmörku voru sjö leikmenn frá HK og þar varð stelpnaliðið frá Íslandi meistari. Á U-19 móti Nevza í Finnlandi voru ellefu núverandi og fyrrverandi leikmenn frá HK og í undankeppni EM í U-18 karla og U-17 kvenna voru átta leikmenn frá HK.

Að þessu sinni voru Hjördís Eiríksdóttir og Lúðvík Már Matthíasson tilnefnd til íþróttakonu og –manns ársins fyrir hönd blakdeildar. Sigurður Kári Harðarson og Helena Einarsdóttir voru tilnefnd í aldurshópnum 13 – 16 ára til íþróttamanns og –konu Kópavogs. Hjördís Eiríksdóttir var að þessu sinni kjörin íþróttakona HK og var hún vel að þessum heiðri komin, meistaraflokkur kvenna í blaki var valinn lið ársins hjá HK. Óskum við þeim öllum til hamingju.

## Að lokum

Starfsemi blakdeildar HK stendur og fellur með þeim aðilum sem sinna hinum ýmsu sjálfböðastörfum fyrir deildina hvort sem þeir eru meðlimir í stjórn eða ekki. Þessir sjálfböðaliðar eru að gefa sinn tíma og sína krafta til að aðrir geti sinnt ástríðu sinni og spilað blak og gert börnunum okkar kleift að æfa blak. Því er svo mikilvægt að við berum öll virðingu fyrir störfum þessa fólks og er þeim þakkað hér með. Við verðum öll að átta okkur á því að án þessara sjálfböðaliða væri engin blakdeild til.

Fyrir hönd stjórnar,  
**Anný Berglind Thorstensen**  
Formaður Blakdeildar HK



# SKÝRSLA BARN- OG UNGLINGARÁÐS BLAKDEILDAR



Stjórn Barna- og unglíngaráðs var skipuð þannig á starfsárinu:  
**Halldór Elvarsson**                      Formaður

Covid 19 faraldurinn hafði mikil áhrif á allt starf barna og unglínginga innan blakdeildar HK árið 2021. En þrátt fyrir þær takmarkanir sem voru í gildi gekk ágætlega að halda úti æfingum og enn fjölga iðkendum hjá okkur sem er mjög ánægjulegt.

Tvö yngri flokka mót á vegum BLÍ voru haldin um vorið, bikarmót á Akureyri og Íslandsmót á Neskaupstað. Árangur HK liða var góð á mótunum en á bikarmótinu varð HK bikarmeistari í flokki U16 stúlkna. Á Íslandsmótinu urðu svo bæði U15 drengirnir og U16 stúlkurnar Íslandsmeistarar.



Vegna Covid takmarkana þá gátu liðin ekki gíst og borðað í skólum eins og venjan er. Utanumhald og skipulag foreldra var því meira en oft áður í kringum mót og gekk það mjög vel. Æfingum lauk svo í maí.

Fyrri part sumars var boðið upp á strandblaksnámskeið og síðsumars voru haldin hefðbundin sumarnámskeið í krakkablaki.

Í byrjun september hófust æfingar í blaki hjá krökkunum á ný. Þjálfarar voru Massimo Pistoia sem þjálfaði U12 flokkinn og U16 flokk drengja, Natalia Raava þjálfaði U14 stúlkur og drengi og Tihomir Paunovski þjálfaði U16 stelpurnar. Yngri leikmenn meistaraflokks voru þeim svo til aðstoðar á æfingum. Að þessu sinni tókst að koma öllum æfingum yngri flokka fyrir í Fagralundi. Töluverð fjölgun var á æfingum hjá U14 og U16 flokkunum um haustið þannig að fljótlega þurfti að fjölga aðstoðarþjálfurum og endurskipuleggja æfingatíma.

Um haustið var haldið Íslandsmót yngri flokka í Mosfellsbæ fyrir U12, U14 og U16 flokka drengja og stúlkna og tóku tíu lið frá HK þátt á mótinu. U16 lið drengja varð í efsta sæti, U16 lið stúlkna varð í öðru sæti og U14 lið stúlkna náði 3. sæti.

Um haustið var tekin ákvörðun í samráði við foreldra um að senda U16 lið til keppni á Íslandsmóti til að fjölga verkefnum eldri krakkanna. U16 lið drengja keppti í 3. deild og U16 lið stúlkna í 5. deild kvenna. Bæði lið stóðu sig með ágætum, drengjaliðið varð í 4. sæti og stúlkurnar náðu 3. sætinu.

Vegna fjöldatakmakana voru engir foreldrafundir haldnir um haustið. Fjöldi iðkenda í lok árs 2021 eru rúmlega 100 og hafa ekki verið fleiri í nokkurn tíma.



Undirritaður mun ekki gefa kost á sér áfram í barna- og unglingaráði. Nú er svo komið að það verður að fjölga í stjórn ráðsins og fleiri hendur verða að leggja hönd á plóginn við að skipuleggja og halda utan um starf yngri flokkanna. Ákjósanlegt væri að fá fulltrúa foreldra úr hverjum flokki til að

koma í stjórn og úr þeim hópi væri svo valið til formanns og annarra hlutverka.

Fyrir hönd Barna- og unglingaráðs,  
**Halldór Elvarsson**  
Formaður





## SKÝRSLA BORÐTENNISDEILDAR

Deildarstjórn skipuðu á starfsárinu:

**Amid Derayat** formaður

**Reynir Georgsson** ritari

**Björn Gunnarsson** meðstjórnandi

**Kristinn Karl Jónsson** gjaldkeri

**Hróðný Kristjana Mjöll** meðstjórnandi

Tímabilið 2020-2021 æfði góður hópur barna og unglunga auk fullorðinna hjá borðtennisdeild HK við afar sérstakar aðstæður. COVID og samkomutakmarkanir höfðu mikið að segja bæði í keppni og á æfingum en gert var það besta úr aðstæðum hverju sinni.

Því miður verður þó að segjast eins og er að COVID faraldurinn hafði það í för með sér að margir iðkendur hættu og skiluðu sér ekki til baka þegar opnað var á æfingar, komandi tímabil fer væntanlega í að vinna þá iðkendur til baka.

### Íslandsmót í liðakeppni

HK tefldi fram þremur liðum í deildarkeppnum þetta keppnistímabilið. Í efstu deild, Keldudeildinni, léku A og B lið HK

en þetta var í fyrsta sinn sem HK á tvö lið í efstu deild. A liðið lenti í 4. sæti í Keldudeildinni og komst áfram í úrslitakeppni BTI og léku þar gegn deildarmeisturum Víkinga og töpuðu naumlega. A-lið HK skipuðu Björn Gunnarsson, Óskar Agnarsson og Örn Þórðarson. B-lið HK lenti í sjötta sæti deildarinnar og féll niður í aðra deild. B-lið HK skipuðu Bjarni Bjarnason, Reynir Georgsson og Victor Berzoi.

C-lið HK lék svo í annarri deild. Önnur deild var leikin svæðaskipt og varð C-liðið naumlega af sæti í úrslitakeppni eftir harða baráttu við KR B. C-lið HK skipuðu Amid Derayat, Björgvin Ingi Ólafsson, Hákon Atli Bjarkason, Brynjar Guðmundsson, Jóhann Kristinsson og Kristinn Karl Jónsson.



### Íslandsmót unglínga

Íslandsmót unglínga var haldið í mars og uppskáru HK-ingar tvo Íslandsmeistara: Björgvin Ingi Ólafsson flokkur 15-17 ára Daríam Adam Róbertsson flokkur 13-15 ára



### Íslandsmót fatlaðra

Keppni fór fram á Íslandsmóti fatlaðra fyrstu helgina í mars og náðu HK-ingar frábærum árangri þar en félagið sendi þrjá keppendur sem allir urðu Íslandsmeistarar í sínum flokkum:

Hákon Atli Bjarkason: sitjandi flokkur karla, opinn flokkur karla, tvíliðaleikur karla sitjandi, tvíliðaleikur opinn flokkur.

Björgvin Ingi Ólafsson: standandi flokkur karla, tvíliðaleikur karla.

Magnús Guðjónsson: flokkur 11

### Íslandsmót fullorðinna

Keppni fór fram á Íslandsmótinu fyrstu helgina í mars og var það um leið seinasta mótið sem keppt var í á tímabilinu utan úrslitakeppna í deildum. Þar náðist prýðilegur árangur og má þar helst tilkoma að Óskar Agnarsson varð Íslandsmeistari í 1. flokki karla eftir að hafa unnið féлага sinn úr HK, Örn Þórðarson í úrslitaleik.

HK átti fjölmarga keppendur á mótinu og stóðu þeir sig allir með sóma.



### Íslandsmót öldunga

Íslandsmót öldunga fór fram í lok febrúar og náðu HK-ingar fínnum úrslitum þar og eignuðust nokkra Íslandsmeistara:

Örn Þórðarson: einliðaleikur 40-49 ára og tvíliðaleikur 40-49 ára

Reynir Georgsson: tvíliðaleikur 40-49

Bjarni Þorgeir Bjarnason: einliðaleikur og tvíliðaleikur 50-59

Auk þess sem hér er að framan talið unnust fjölmörg silfur og bronsverðlaun á Íslandsmótum tímabilsins og má segja að tímabilið sé eitt það besta frá upphafi hvað verðlaun á Íslandsmótum varðar.

### Landslið

Björgvin Ingi Ólafsson og Hákon Atli Bjarkason tóku þátt í verkefnum á vegum ÍF og stóðu sig vel.

Björgvin var einnig valinn í unglíngalandslið Íslands sem tók þátt í Evrópukeppni unglínga síðasta sumar og stóð hann sig þar með mikilli prýði.

### Stjórn Borðtennisdeildar HK





## SKÝRSLA DANSDEILDAR

Deildarstjórn skipuðu á starfsárinu:

**Ólafur Már Hreinsson**      Formaður  
**Heiðrún S. Níelsdóttir**      Varaformaður  
**Haukur Ragnarsson**      Meðstjórnandi

Síðasta starfsár var þrettánda heila árið í starfi Dansdeildar HK og gekk það mjög vel.

Þör frá dansdeildinni tóku þátt í öllum mótum sem völ var á hér á landi en covid setti mikið strik í mótahald og þurfti að færa mót til en einnig var hætt við mót erlendis.

Á síðasta starfsári var haldið áfram með það fyrirkomulag að Adam og Karen Reeve kenndu eina æfingu á viku en á síðari hluta ársins var þeim fjölgað í tvær á viku. Einnig hefur orðið mikil fjölgun í byrjendum og barnahópum okkar sem er mjög gleðilegt þar sem það mun stækka keppnishóp okkar til framtíðar.

Haustið 2020 þurfti deildin að færa sig frá veislusalnum í Fagralundi yfir í Digranes. Sú tilfærsla átti aðeins að vara í eitt ár en nú erum við á öðru árinu í Digranesi.

**Björg Guðjónsdóttir**      Meðstjórnandi  
**Elva Traustadóttir**      Meðstjórnandi

Aðstaðan þar er alveg sprungin miðað við núverandi iðkendafjölda og samsetningu hópsins. Við höfum því verið að ýta á Kópavogsbæ að standa við loforð sitt um að tilfærslan í Digranes væri aðeins tímabundin og vonumst við til að komast aftur í veislusalinn í Fagralundi í haust.



Æfingagjöldum deildarinnar var haldið óbreyttum á milli ára.

Fjárhagsleg staða deildarinnar er fín. Fjárfest var í aðstöðunni og tækjum á árinu 2021 sem útskýrir hallarekstur þetta árið en markmið okkar er að deildin standi undir sér frá ári til árs.

Meginstörf stjórnarinnar voru:

- a) hagsmunagæsla fyrir deildina gagnvart aðalstjórn HK,
- b) hagsmunagæsla fyrir deildina gagnvart DSÍ,
- c) að halda utan um fjárhag deildarinnar.

Danskennarar deildarinnar eru:

- Esther Inga Níelsdóttir yfirkennari
- Rakel Guðmundsdóttir
- Níels Einarsson
- Adam Reeve
- Karen Reeve
- Ólafur Magnús Guðnason

Vill stjórn deildarinnar þakka þeim gott samstarf á árinu.

Fyrir hönd stjórnar,  
**Ólafur Már Hreinsson**  
Formaður





## SKÝRSLA BANDÝDEILDAR

Deildarstjórn skipuðu á starfsárinu:

**Anna Lea Friðriksdóttir** formaður  
**Ólafur B. Sveinsson** varaformaður  
**Anna Þóra Pétursdóttir** gjaldkeri  
**Freydís S. Guðmundsdóttir** ritari  
**Atli Þór Hannesson** meðstjórnandi  
**Bergsveinn Snorrason** meðstjórnandi

**Arnar Þórðarson** meðstjórnandi  
**Kristbjörg Gunnarsdóttir** meðstjórnandi  
**Gunnar Sær Ragnarsson** meðstjórnandi  
**Martin Smedlund** meðstjórnandi  
**Sigurjón N. Kjaernested** meðstjórnandi

Í ársbyrjun 2021 voru 5 flokkar virkir hjá bandýdeildinni; krakkaflokkur 10-12 ára, unglingsflokkur 13-15 ára, spilhópur 16 ára og eldri, meistaraflokkur kvenna og meistaraflokkur karla. Allir flokkarnir voru starfandi í Digranesi. Staðan í flestum flokkum var prýðileg, iðkendafjöldi ágætur og æfingar gengu vel. Covid hafði samt óneitanlega áhrif á þann fjölda sem mætti, eftir því hve alvarleg staða faraldursins var að hverju sinni.

Vegna aðstæðna voru keppnisleikir af skornum skammti á fyrri hluta síðasta árs en þó var land lagt undir fót og HK keppti með tvö lið gegn UMF Samherjum í mars 2021 og fóru leikirnir fram á Ólafsfirði.

Líkt og undanfarin ár vorum við með sumaræfingar, í þetta sinn í Fagralundi. Þær gengu vel og það er alltaf extra góð stemming á sumaræfingunum. Einnig komu leikmenn inn í sumarnámskeiðin Íþróttir og útilíf hjá HK í Kórnum og kynntu bandý fyrir krökkunum á námskeiðinu.

Tímabilið hófst á ný í byrjun september. Yngri flokkarnir komu vel undan sumarfríi, nokkur fjölgun í krakkaflokki og unglingsflokkur með svipaðan fjölda og áður. Hjá fullorðnum gerðum við nokkrar breytingar. Mæting í kvennaflokkum hafði fallið mikið niður eftir að Covid bylgjurnar fóru að skella á og því var tekin ákvörðun um að sameina meistaraflokkana tvo.

Þær úr meistaraflokki kvenna sem eftir voru gengu inn í sameinaðan flokk. Við vorum samt staðráðin í að byggja kvennastarfið upp á ný og settum í gang kvannahóp innan spilhópsins. Sá hópur byrjaði mjög vel og voru um 25 iðkendir að mæta þegar mest var. Því miður dró aftur úr þegar Covid fór aftur að láta á sér kræla í haust. Núna þegar sér fyrir endann á þessum Covid leiðindum vonumst við til að ná aftur flugi með þennan hóp.

Íslenska karlalandsliðið í bandý undirbjó þátttöku í undankeppni HM sem fram fer í maí, en liðið skipar talsverðum fjölda leikmanna HK. Einnig hefur kvennalandslið í bandý verið sett á laggirnar, þjálfari ráðinn og voru fyrstu æfingarbúðir haldnar í október. Leikmenn úr HK skipuðu þar stóran sess. Fjöldi HK leikmanna í báðum er til vitnis um gæði uppbyggingarstarfsins í HK.



Íþróttamaður ársins hjá Bandýdeild HK var að þessu sinni valinn Andy Nilsson. Hann var öðrum iðkendum mikil fyrirmynd í ástundun, ákefð og framförum og var í ofanálag duglegur að hjálpa til í deildarstarfi, þjálfun og fleiru.

Fyrir hönd stjórnar,  
**Anna Lea Friðriksdóttir**  
Formaður

# HEIÐURSVIÐURKENNINGAR

## STARFMERKI

*Veitt þeim einstaklingi sem unnið hafa af trúnaði mikil og góð störf fyrirfélagið. Veiting hennar skal bundin samröma samþykki Aðalstjórnar.*

Aðalheiður Bjarnadóttir	2017	Knattspyrnudeild
Ásta Laufey Aðalsteinsdóttir	2017	Knattspyrnudeild
Baldur Már Bragason	2017	Knattspyrnudeild
Björn Ágúst Júlíusson	2015	Aðalstjórn
Björn Bergsson	2017	Knattspyrnudeild
Elsa Sæný Valgeirsdóttir	2017	Blakdeild
Eyrún Harpa Hlynsdóttir	2017	Blakdeild
Gunnar Þjóðólfsson	2015	Aðalstjórn
Hákon Hermannsson Bridde	2017	Handknattleiksdeild
Heiðdís Ösp Ingvadóttir	2017	Blakdeild
Jóhannes Egilson	2017	Blakdeild
Karl K Benediktsson	2017	Handknattleiksdeild
Kjartan Briem	2017	Knattspyrnudeild
Kristján Rafn Hjartarson	2017	Borðtennisdeild
Leifur Kristjánsson	2017	Knattspyrnudeild
Magnús Bollason	2017	Borðtennisdeild
Natalia Ravva	2017	Blakdeild
Rafnar Rafnarsson	2017	Handknattleiksdeild
Sigurður Viðarsson	2015	Aðalstjórn
Torfi Jóhannsson	2017	Blakdeild
Viggó Magnússon	2015	Aðalstjórn
Þorgeir Lárus Árnason	2015	Aðalstjórn
Þorsteinn Gunnar Guðnason	2017	Blakdeild
Þorsteinn Hallgrímsson	2017	Knattspyrnudeild

## SILFURMERKI

*Veitt þeim einstaklingi sem hefur setið í stjórn deilda eða félags í að minnsta kosti 10 ár. Unnið mjög óeigingjarnt starf innan félagsins í að minnsta kosti 10 ár. Keppt fyrir hönd félagsins (16 ára og eldri) og starfað í stjórnnum samtals í 20 ár.*

Alexander Arnarson	2010	Aðalstjórn
Fyrir störf í aðalstjórn og sem formaður og leikmaður í handknattleik		



Andrea Gísladóttir	2009	Knattspyrnudeild
Starfað fyrir félagið frá því 1989		
Ásta Sigrún Gylfadóttir	2010	Blakdeild
Fyrir ósérhlífni í störfum að þjálfun barna og unglunga í blaki		
Ásta St. Eiríksdóttir	2010	Knattspyrnudeild
Fyrir störf að kvennaknattspyrnu stjórnarstörf		
Björg Erlingsdóttir	2011	Blakdeild
Fyrir störf að barna og unglungastörfum		
Brynjar Júlíus Pétursson	2011	Blakdeild
Fyrir störf að þjálfun og eflingu blakíþróttar		
Einar Sigurðsson	2010	Aðalstjórn
Fyrir störf knattspyrnu og stjórnarstörf í aðalstjórn félagsins		
Einar Tómasson	2017	Aðalstjórn
Fyrir störf blakíþróttar og stjórnarstörf í aðalstjórn félagsins		
Guðlaug Þórhallsdóttir	2011	Knattspyrnudeild
Fyrir störf að málefnum knattspyrnu og leikmanna		
Gunnþór Hermannsson	2009	Aðalstjórn
Kemur frá ÍK búningastjóri HK frá því 1992		
Hafdís Ebba Guðjónsdóttir	2012	Handknattleiksdeild
Fyrir störf að þjálfun, stjórnun og eflingu handknattleiks		
Halldór Elvarsson	2017	Blakdeild
Fyrir störf að barna og unglungastörfum		
Halldór K Valdimarsson	2010	Aðalstjórn
Fyrir störf knattspyrnuíþróttar og stjórnarstörf í aðalstjórn félagsins		
Heiðbjört Gylfadóttir	2010	Blakdeild
Fyrir störf að málefnum blakiðkunar		
Hilmar Rafn Kristinsson	2012	Knattspyrnudeild
Leikmaður, þjálfari og störf að málefnum knattspyrnu.		
Hilmar Sigurgíslason	2009	Handknattleiksdeild
Stofnfélagi, leikmaður, þjálfari og stjórnarmaður		
Hólmfríður Kristjánsdóttir	2017	Aðalstjórn
Fyrir störf knattspyrnu og stjórnarstörf í aðalstjórn félagsins		
Hörður Már Magnússon	2012	Knattspyrnudeild
Leikmaður og störf að málefnum knattspyrnu		
Ingbjörg Gunnarsdóttir	2010	Blakdeild
Fyrir störf að málefnum blakiðkunar og aðalstjórnar		
Karl Sigurðsson	2010	Blakdeild
Fyrir brautryðjendastörf að málefnum strandblaks		
Kristinn Briem	2010	Knattspyrnudeild
Fyrir störf að knattspyrnumálum stjórnunar og sem leikmaður		
Kristinn Gunnarsson	2009	Knattspyrnudeild
Starfað fyrir félagið frá því 1989 hefur setið unglingaráði deildarstjórn og Aðalstjórn		
Kristinn Guðmundsson	2012	Handknattleiksdeild
Leikmaður, þjálfari og störf að málefnum handknattleiks		



Kristín Guðmundsdóttir	2009	Knattspyrnudeild
Stjórnarmaður unglíngaráðs og deildarstjórnar		
Laufey Guðmundsdóttir	2017	Aðalstjórn
Fyrir störf að málefnum félagsins		
Lilja Þórhallsdóttir	2011	Knattspyrnudeild
Fyrir störf að málefnum knattspyrnu og leikmanna		
Ómar Geir Þorgeirsson	2010	Aðalstjórn
Fyrir störf að íþróttamálum og störf í aðalstjórn félagsins		
Ómar Ingi Guðmundsson	2017	Knattspyrnudeild
Leikmaður, þjálfari og störf að málefnum knattspyrnu.		
Ósk Kristinsdóttir	2017	Knattspyrnudeild
Leikmaður, þjálfari og störf að málefnum knattspyrnu.		
Ragnar Gíslason	2017	Knattspyrnudeild
þjálfari og störf að málefnum knattspyrnu.		
Ragnar Bogi Pedersen	2010	Knattspyrnudeild
Fyrir störf að málefnum knattspyrnu þjálfun og sem leikmaður		
Rúnar Einarsson	2010	Handknattleiksdeild
Fyrir störf að málefnum handboltaiðkunar		
Rögnvaldur Guðmundsson	2009	Handknattleiksdeild
Stjórnarmaður unglíngaráðs og deildarstjórnar		
Sigvaldi Einarsson	2010	Knattspyrnudeild
Fyrir störf að knattspyrnumálum stjórnunar og sem leikmaður		
Vilborg Guðmundsdóttir	2009	Aðalstjórn og Blakdeild
Stjórnarmaður deildarstjórnar og Aðalstjórnar		
Valdís Árnadóttir	2017	Handknattleiksdeild
Fyrir störf að málefnum handboltaiðkunar		
Vilhjálmur Gauti Bergsson	2017	Handknattleiksdeild
Fyrir störf að málefnum handboltaiðkunar og stjórnarsetu í Aðalstjórn		
Þórey Haraldsdóttir	2017	Blakdeild
Fyrir störf að málefnum blakiðkunar		

## GULLMERKI

*Veitt þeim einstaklingi sem hefur setið í stjórn deilda eða félags í að minnsta kosti 20 ár. Unnið mjög óeigingjarnt starf innan félagsins í að minnsta kosti 20 ár. Keppt fyrir hönd félagsins (16 ára eða eldri) og starfað í stjórnnum samtals í 25 ár*

Finnur Kristinsson	2010	Aðalstjórn
Stjórnarmaður aðalstjórnar og málefni handknattleiksíðkunar		
Gísli B Kristjánsson	2000	Aðalstjórn
Stofnandi, stjórnarmaður aðalstjórnar HK		
Gunnþór Hermannsson	2015	Aðalstjórn
Fyrir ómetanlegt starf í þágu félagsins, sögu og búningamál		
Hólmfríður Kristjánsdóttir	2021	Aðalstjórn
Stjórnarmaður aðalstjórnar og óeigingjarnt starf í þágu félagsins		
Jón Ármann Héðinsson	2000	Aðalstjórn
Stofnandi, stjórnarmaður aðalstjórnar HK		



Kristinn Gunnarsson	2012	Aðalstjórn - Knattspyrnudeild
Fyrir störf sem leikmaður, stjórnarstörf unglíngaráða deildarstjórn og Aðalstjórn		
Kristinn Skæringsson	2000	Aðalstjórn
Stofnandi, stjórnarmaður aðalstjórnar HK		
Magnús Gíslason	2009	Aðalstjórn - Handknattleiksdeild
Stofnandi, stjórnarmaður unglíngaráðs og deildarstjórnar, varaformaður HK		
Ragnar Ólafsson	2011	Handknattleiksdeild
Leikmaður, þjálfari og fyrir störf að málefnum handknattleiks		
Ragnheiður Kolviðsdóttir	2021	Aðalstjórn
Stjórnarmaður aðalstjórnar og óeigingjarnt starf í þágu félagsins		
Víðir Sigurðsson	2009	Aðalstjórn - Knattspyrnudeild
Leikmaður ÍK, stjórnarmaður unglíngva og deildarstjórnar		

## HEIÐURSMERKI HK

*Æðsta viðurkenning sem HK veitir. Veit þeim sem hefur starfað í stjórnnum að minnstakosti í 25 ár. Verið formaður deilda. Setið í Aðalstjórn. Handhafar geta aldrei orðið fleiri en 10 manns á hverjum tíma.*

Albert H N Valdimarsson	2004	Aðalstjórn
Ósérhlíft starf blakdeildar eða frá stofnun hennar í 30 ár		
Gísli B Kristjánsson	2010	Aðalstjórn
Stofnandi, stjórnarmaður aðalstjórnar HK		
Jón Ármann Héðinsson	2010	Aðalstjórn
Stofnandi, stjórnarmaður aðalstjórnar HK		
Þorsteinn Einarsson	2008	Formaður HK
Formaður HK í 20 ár		
Þorvaldur Áki Eiríksson	1981	Formaður HK
Formaður HK		
Gísli B Kristjánsson	2010	Aðalstjórn
Stofnandi, stjórnarmaður aðalstjórnar HK		
Jón Ármann Héðinsson	2010	Aðalstjórn
Stofnandi, stjórnarmaður aðalstjórnar HK		

## HEIÐURSFÉLAGI HK

*Æðsta viðurkenning sem HK veitir einstaklingi sem er ekki félagi í HK. Veit þeim einstaklingi sem hefur á einhvern hátt stutt félagið á ómetanlegan hátt til margra ára. Veit þeim einstaklingi sem hefur á mjög ósérhlífin hátt veitt félaginu framgang.*

Gunnar I Birgisson	2008	Aðalstjórn
Bæjarstjóri Kópavogs		
Ómar Stefánsson	2008	Aðalstjórn
Formaður bæjarráðs Kópavogs		





## VIÐAUKI 1. LÖG HK

# LÖG HANDKNATTLEIKSFÉLAGS KÓPAVOGS

### Samþykkt af aðalfundi HK - 30. apríl 2015

(7.gr liður 7 og 18. grein iður 2 var breytt á aðalfundi félagsins 25.4.2018)  
(7.gr. liður 5 7.gr. liður 9. i. 3. Endurskoðenda voru feldar út á aðalfundi 25.4.2018)

#### 1. grein - Nafn félags og varnarþing

Nafn félagsins er Handknattleiksfélag Kópavogs, skammstafað HK. Heimili og varnarþing þess er í Kópavogi.

#### 2. grein – Tilgangur félags og grunngildi

- 1) Tilgangur félagsins er að standa fyrir iðkun íþrótta meðal félagsmanna, auka áhuga þeirra á líkamlegu heilbrigði og efla íþróttastarf á starfssvæði sínu.
- 2) Tilgangi sínum hyggst félagið ná með því að efna til íþróttaæfinga, kappleikja, fundahalda og annars er árangur getur borið til eflingar heilbrigðu lífni.
- 3) Grunngildi félagsins eru gleði, virðing og metnaður.

#### 3. grein – Merki félags og búningur

Merki félagsins er stafirnir HK, hvítir á rauðum hringlaga grunni. Aðalbúningur félagsins er hvít og rauð treyja, hvítar eða rauðar buxur og hvítir eða rauðir sokkar.

#### 4. grein – Aðild að heildarsamtökum

Félagið er aðili að Íþróttasambandi Íslands (ÍSí) og sérsamböndum þess, Ungmennafélagi Íslands og Ungmennasambandi Kjalarnesþings og er háð lögum þeirra og ákvörðunum.

#### 5. grein – Félagar

1) Félagar í HK eru:

- a) Allir iðkendur eru sjálfkrafa félagar í HK.
- b) Þeir sem greiða félagsgjöld til félagsins.
- c) Eftirtaldir eru félagsmenn ef þeir æskja þess skriflega.
  - i) Stjórnarmenn í aðalstjórn og deildum
  - ii) Virkir sjálfboðaliðar sem starfa í þágu deildar
  - iii) Starfsmenn félagsins og þjálfarar í deildum þess

2) Heiðursfélagar eru ekki gjaldskyldir.

3) Félagsgjöld skulu ákveðin á aðalfundi félagsins ár hvert.

4) Aðalstjórn skal halda félagaskrá.

5) Aðeins félagar hafa atkvæðarétt í félaginu.

6) Úrsögn úr félaginu skal vera skrifleg. Hafi stjórnarmenn, sjálfboðaliðar, starfsmenn eða þjálfarar hætt störfum í þágu félagsins falla þeir af félagaskrá nema greitt sé félagsgjald. Aðalstjórn getur tekið féлага af félagaskrá vegna verulegra vanskila á greiðslu félagsgjalda.



- 7) Aðalstjórn getur vikið félagi úr félaginu fyrir stórfellt brot á félagsreglum að undangenginni skriflegri áskorun til viðkomandi um að bæta ráð sitt.

## 6. grein –Reikningsár

Reikningsár félagsins skal vera almanaksárið.

## 7. grein – Aðalfundur félagsins

- 1) Aðalfundur félagsins hefur æðsta vald í öllum málum þess og hefur einn vald til að breyta lögum þess.
- 2) Aðalfundur HK skal haldinn fyrir lok aprílmánaðar ár hvert fyrir starfsárið næst á undan.
- 3) Aðalfundur skal boðað með minnst tveggja vikna fyrirvara. Tilkynning um hann skal þá birtast á heimasíðu félagsins. Jafnframt skal senda tilkynningu til starfandi deilda félagsins og til þess mælst að þær komi upplýsingum um fundinn áfram til félagsmanna.
- 4) Aðalfundur er lögmætur ef löglega er til hans boðað.
- 5) Rétt til setu á aðalfundi með tillögurétt og málfrelsi hafa allir félagar í félaginu.
- 6) Kjörgengi til stjórnarstarfa og annarra trúnaðarstarfa fyrir félagið hafa allir félagar 18 ára og eldri, sem uppfyllt hafa skyldur sínar við félagið. Framboðum til aðalstjórnar skal komið á framfæri við Uppstillingarnefnd eigi síðar en viku fyrir aðalfund, sbr. 18. gr. laga þessara.
- 7) Atkvæðisrétt á aðalfundi hafa eftirtaldir félagar:
  - a) Aðalstjórn HK
  - b) Stjórnir deilda HK
  - c) Kjörnir fulltrúar deilda sem haldið hafa löglegan aðalfund og skilað endurskoðuðum ársreikningum. Deildir eiga rétt á að senda á aðalfund félags einn fulltrúa fyrir hverja 20 iðkendur, þó ekki færri en 5 né fleiri en 10 fulltrúa frá hverri deild.
- 8) Dagskrá aðalfundar skal vera sem hér segir:
  - a) Kosning fundarstjóri og fundarritari
  - b) Kosning þriggja manna kjörbréfanefndar er sannreynir atkvæðisbærni félaga samkvæmt a – c liða 7. málsgreinar þessarar greinar.
  - c) Fundargerð síðasta aðalfundar lesin og borin upp til samþykktar
  - d) Lögð fram skrifleg skýrsla aðalstjórnar og skýrslur deilda
  - e) Lagðir fram endurskoðaðir reikningar aðalstjórnar ásamt endurskoðuðum reikningum einstakara deilda miðaðir við almanaksárið
  - f) Umræður um skýrslu og reikninga aðalstjórnar. Reikningar aðalstjórnar bornir upp til samþykktar
  - g) Lagabreytingar
  - h) Dagskrármál önnur
  - i) Kosningar
    - i. Kosning formanns (annað hvort ár)
    - ii. Stjórnarkosning
    - iii. Kosning uppstillingarnefndar
  - j) Ákvörðun félagsgjalda félagsmanna.
  - k) Önnur mál
- 9) Á aðalfundi ræður einfaldur meirihluti atkvæða úrslitum mála.
- 10) Til þess að breyta lögum félagsins þarf þó tvo þriðju hluta greiddra atkvæða.



- 11) Að jafnaði skal ekki taka til formlegrar afgreiðslu önnur mál en þau sem birt eru á formlegri dagskrá aðalfundar. Leita má þó afbrigða og taka mál til formlegrar afgreiðslu undir liðnum önnur mál, en tvo þriðju hluta greiddra atkvæða þarf til að afbrigði nái fram að ganga. Tvo þriðju hluta greiddra atkvæða þarf til að tillaga, sem borin er fram undir liðnum önnur mál, hljóti samþykki.
- 12) Enginn getur farið með nema eitt atkvæði á aðalfundi.
- 10) Á aðalfundi ræður einfaldur meirihluti atkvæða úrslitum mála.
- 11) Til þess að breyta lögum félagsins þarf þó tvo þriðju hluta greiddra atkvæða.
- 12) Að jafnaði skal ekki taka til formlegrar afgreiðslu önnur mál en þau sem birt eru á formlegri dagskrá aðalfundar. Leita má þó afbrigða og taka mál til formlegrar afgreiðslu undir liðnum önnur mál, en tvo þriðju hluta greiddra atkvæða þarf til að afbrigði nái fram að ganga. Tvo þriðju hluta greiddra atkvæða þarf til að tillaga, sem borin er fram undir liðnum önnur mál, hljóti samþykki.
- 13) Enginn getur farið með nema eitt atkvæði á aðalfundi.

## 8. grein – Aukaaðalfundur félagsins, félagsfundur

- 1) Aukaaðalfundur félagsins skal halda ef aðalstjórn telur þess þörf, eða ósk þar um berst frá meirihluta deilda félagsins. Aukaaðalfundur er lögmætur, ef til hans er boðað samkvæmt ákvæðum 7. greinar þessara laga. Aukaaðalfundur hefur sama vald og aðalfundur, nema lagabreytingar og stjórnarkosning getur ekki farið fram á aukaaðalfundi.
- 2) Aðalstjórn félagsins getur boðað til almenns félagsfundar telji aðalstjórn ástæðu til og skal skylt að boða almennan félagsfund ef 30 félagsmenn eða fleiri krefjast þess. Fundarboð sé þá með sama hætti og til aðalfundar og skal tilefni fundarins tilgreint í fundarboði. Almennur félagsfundur er ályktunarbær um boðað fundarefni.

## 9. grein – Aðalstjórn

- 1) Aðalstjórn HK fer með æðsta vald í málefnum félagsins og deilda þess milli aðalfunda.
- 2) Aðalstjórn HK skal skipuð formanni og fjórum stjórnarmönnum, sem kjörnir eru á aðalfundi félagsins til tveggja ára í senn. Einnig er tveggja manna varastjórn kjörin á aðalfundi félagsins.
- 3) Aðalstjórn skal kjörin þannig að formaður er kosinn til tveggja ára í senn og á hverjum aðalfundi eru tveir aðalmenn og tveir menn í varastjórn í kjöri.
- 4) Stjórn skiptir með sér verkum á fyrsta stjórnarfundum eftir aðalfund. Skipað skal í eftirtalin embætti:
  - Varaformaður
  - Gjaldkeri
  - Ritari
  - Umboðsmaður yngri félaga og aðstandenda
- 5) Stjórnarmenn í aðalstjórn HK skulu ekki gegna trúnaðarstörfum fyrir neina aðra einingu innan HK.
- 6) Stjórnarmenn í aðalstjórn HK skulu ekki taka þátt í afgreiðslu mála er varða verulega persónulega hagsmuni þeirra.
- 7) Aðalstjórn félagsins er forsvari þess gagnvart ÍSÍ, UMFÍ, viðkomandi ungmennafélagi, bæjarstjórn Kópavogs, öðrum opinberum yfirvöldum og aðalstjórn annarra íþróttafélaga.



- Skal aðalstjórninni heimilt að kalla félagsmenn sér til aðstoðar og skipa starfsnefndir til sérstakra verkefna ef þurfa þykir s.s. til uppbyggingar félagssvæðis og íþróttahúsa.
- 8) Verkefni aðalstjórnar eru auk ofangreinds m.a. ýmis stærri fjáröflunarverkefni, skipting styrkja bæjarins, lottógreiðslna og getrauna auk yfirumsjónar félagatals HK.
  - 9) Aðalstjórn ber ábyrgð á fjárreiðum deilda, hún setur deildum reglur um fjárreiður og meðferð fjármuna og hefur eftirlit með starfsemi þeirra.
  - 10) Lántökur deilda eru óheimilar nema með samþykki aðalstjórnar.
  - 11) Leggja skal fjárhagsskuldbindingar s.s. leikmannasamninga og þjálfarasamninga deilda fyrir aðalstjórn til samþykktar.
  - 12) Aðalstjórn annast rekstur eigna HK, starfrækir íþróttaskóla HK og almenningsíþróttahópa HK.
  - 13) Kaup, sala og veðsetning fasteigna félagsins er bundin samþykkt aðalstjórnar.
  - 14) Aðalstjórn ræður framkvæmdastjóra til þess að annast daglegan rekstur félagsins.
  - 15) Framkvæmdastjóri hefur í umboði aðalstjórnar umsjón með sameiginlegum rekstri félagsins, svo sem mannvirkjum, skrifstofum félagsins og þjónustu við deildarstjórnir. Aðalstjórn getur falið framkvæmdastjóra frekari verkefni. Aðalstjórn setur framkvæmdastjóra starfsreglur .
  - 16) Enga fullnaðaráætlun getur aðalstjórn gert nema með samþykki meirihluta stjórnarmanna.
  - 17) Skylt er að halda aðalstjórnarfundi minnst mánaðarlega og skal halda um þá sérstök gerðarbók.
  - 18) Aðalstjórn félagsins skal halda sameiginlegan upplýsingafund með stjórnnum deilda félagsins í það minnsta tvisvar á ári. Formaður deildar getur óskað eftir setu á fundi aðalstjórnar til að ræða málefni deildar og skal orðið við slíkri ósk innan mánaðar frá því hún barst.

## 10. grein - Deildir

- 1) Félaginu er skipt í deildir sem hver sinnir afmörkuðu sviði íþróttá-, tólmstunda- og/eða félagsmála.
- 2) Deildum félagsins er heimilt að setja sér starfsreglur á aðalfundi sínum sem skulu staðfestar á aðalfundi félagsins. Reglurnar öðlast gildi þegar í stað enda brjóti þær ekki í bága við lög félagsins eða almenn landslög.
- 3) Deildir eru háðar eftirliti aðalfundar félagsins um starfsemi sína og fjármál og aðalstjórnar félagsins milli aðalfunda.
- 4) Hver deild er fjárhagslega sjálfstæð en skal skila endurskoðuðum reikningum og skýrslu til aðalstjórnar 5 virkum dögum fyrir aðalfund deildarinnar.
- 5) Hver deild skal færa bókhald samkvæmt reglugerðum ÍSÍ um bókhald deilda.
- 6) Hver deild skal halda gerðabók um allar ákvarðanir stjórnar og annað markvert sem varðar starf hennar. Gerðabók skal vera aðgengileg aðalstjórn félags á hverjum tíma.
- 7) Hver deild skal halda nákvæma skrá yfir iðkendur deildarinnar. Iðkendaskrá deildar skal aðgengileg aðalstjórn félags og framkvæmdastjóra á hverjum tíma.

## 11. grein – Stofnun og niðurlagning deilda



- 1) Aðalstjórn félagsins skal hafa umsjón með stofnun nýrra deilda og setur nýrri deild bráðabrigðastarfsreglur til að starfa eftir. Aðalfundur HK sá næsti eftir stofnun deildar, skal staðfesta starfsreglur deildarinnar. Stofnfundur deildar skal fara fram samkvæmt reglum um aðalfundi deilda.
- 2) Hætti deild störfum er stjórn deildarinnar skyld að afhenda eignir hennar til aðalstjórnar félagsins til varðveislu. Taki deildin ekki til starfa að nýju innan 5 ára renna eignir hennar í sjóð aðalstjórnar félagsins.

## 12. grein – Aðalfundir deilda

- 1) Aðalfundir deilda fara með æðsta vald í málefnum þeirra, næst á eftir aðalfundi félags og aðalstjórn.
- 2) Hver deild skal halda aðalfund fyrir lok marsmánaðar ár hvert.
- 3) Boðað skal til aðalfundar með tveggja vikna fyrirvara í miðlum félagsins.
- 4) Aðalfundur er lögmætur ef löglega er til hans boðað.
- 5) Félagaskrá skal liggja frammi, aðgengileg fundarmönnum og fundarstjóra.
- 6) Fundir deilda eru opnir en rétt til atkvæðagreiðslu hafa þeir sem eru á félagsskrá samkvæmt 5. gr. þessara laga tveimur vikum fyrir aðalfund deildar og verða 18 ára á fundarárinu.
- 7) Kjörgengir til trúnaðarstarfa deilda eru félagsmenn, en einnig njóta kjörgengis þeir sem lýsa með formlegum hætti yfir vilja til að gerast félagar í HK og þeir styðji markmið og tilgang félagsins.
- 8) Dagskrá aðalfundar deildanna skal vera:
  - a) Kosinn fundarstjóri og aðrir embættismenn fundarins
  - b) Lesin upp fundargerð síðasta aðalfundar deildarinnar
  - c) Lögð fram skýrsla stjórnar fyrir liðið starfsár
  - d) Lagðir fram endurskoðaðir reikningar til umræðu og afgreiðslu til aðalstjórnar félags
  - e) Kosningar:
    - i. Kjör formanns (annað hvort ár)
    - ii. Kjör varaformanns (annað hvort ár)
    - iii. Kjör ritara (annað hvort ár)
    - iv. Kjör gjaldkera (annað hvort ár)
    - v. Kjör meðstjórnanda til eins árs.
    - vi. Staðfesting formanna flokksráða
    - vii. Kjör fulltrúa á aðalfund HK
    - viii. Kjör í fjáröflunarráð ef aðalfundur ákveður.
  - f) Breytingartillögur á starfsreglum deildar bornar upp til atkvæða. Slíkar tillögur verða ekki teknar til afgreiðslu nema þeirra sé getið í fundarboði
  - g) Önnur mál
- 9) Á aðalfundi skal einfaldur meirihluti greiddra atkvæða ráða niðurstöðu.
- 10) Vanræki deild að halda aðalfund á tilsettum tíma skal aðalstjórn félagsins boða til fundarins og sjá um framkvæmd hans.

## 13. grein - Deildarstjórnir



- 1) Deildarstjórnir fara með daglegan rekstur deilda milli aðalfunda þeirra og hafa ákvörðunarvald í málefnum deildarinnar. Deildarstjórn ber ábyrgð á því gagnvart aðalstjórn að rekstur deildar og fjárreiður séu í samræmi við lög félagsins og landslög.
- 2) Stjórn hvernar deildar skipa formaður, varaformaður, ritari, gjaldkeri og meðstjórnandi, kjörnir á aðalfundi deildar og formenn flokksráða deildarinnar þar með talið formaður barna- og unglingaráðs deildarinnar.
- 3) Enginn einstaklingur getur gegnt meira en einu af ofangreindum embættum á sama tíma.
- 4) Stjórn er ályktunarbær sé meiri hluti stjórnarmanna mættur.
- 5) Hver stjórnarmaður hefur eitt atkvæði komi til kosninga innan stjórnar. Falli atkvæði jöfn hefur atkvæði formanns tvöfalt vægi enda sé meirihluti stjórnarmanna viðstaddur.
- 6) Hætti stjórnarmaður getur stjórn tilnefnt stjórnarmann til bráðabirgða í hans stað að fengnu samþykki aðalstjórnar.
- 7) Stjórnir deildanna ráða faglærða þjálfara og ákveða laun þeirra. Við ráðningu þjálfara til yngri flokka skulu deildir hafa til hliðsjónar stefnuyfirlýsingu Íþrótt- og ólympíusambands Íslands um þjálfaramenntun. Ráðning skal staðfest af aðalstjórn.
- 8) Stjórn deildar samþykkir æfingagjöld deildar. Æfingagjöld skulu staðfest af aðalstjórn.
- 9) Stjórnir deilda skulu fyrir sitt leyti samþykkja fjárhagsáætlanir ráða næsta almanaksár og leggja fram til samþykktar hjá aðalstjórn fyrir lok nóvember ár hvert. Skili deild ekki fjárhagsáætlun hefur aðalstjórn heimild til að stöðva alla styrki til deildar.
- 10) Aðalstjórn er heimilt að leggja fyrir stjórn deildar að skila uppgjöri ársfjórðungslega telji aðalstjórn ástæðu til.
- 11) Brjóti stjórn deildar alvarlega gegn skyldum sínum samkvæmt lögum þessum eða í ljós koma alvarlegir misbrestir í starfi deildar er aðalstjórn rétt að beina áskorun til stjórnar deildar um tafarlaustar úrbætur á því sem aflaga hefur farið. Bregðist stjórn deildar ekki við skriflegri áskorun aðalstjórnar um úrbætur með fullnægjandi hætti innan 14 daga getur aðalstjórn vikið stjórn deildar til hliðar og tekið yfir rekstur deildar til bráðabirgða en aðalstjórn skal þá efna til aukaaðalfundar eins fljótt og við verður komið og ekki síðar en innan tveggja mánaða frá því aðastjórn vék deildarstjórn til hliðar. Áskorun um úrbætur samkvæmt grein þessari telst löglega afhent þegar hún hefur verið birt tveimur stjórnarmönnum deildar með sannanlegum hætti.

#### **14. grein – Aukaaðalfundur deildar, félagsfundur.**

- 1) Aukaaðalfundur deildar skal halda ef aðalstjórn eða deildarstjórn telur þess þörf, eða ósk þar um berst frá 20% skráðra iðkenda deildarinnar. Aukaaðalfundur er lögmætur, ef til hans er boðað samkvæmt ákvæðum 7. greinar þessara laga. Aukaaðalfundur hefur sama vald og aðalfundur, nema lagabreytingar og stjórnarkosning geta ekki farið fram á aukaaðalfundi. Stjórnarkosning getur þó farið fram til að tryggja að stjórn sé fullmönnuð.
- 2) Stjórn deildar skal skylt að boða almennan félagsfund ef 30 félagsmenn eða fleiri krefjast þess. Fundarboð sé þá með sama hætti og til aðalfundar og skal tilefni fundarins tilgreint í fundarboði. Almennur félagsfundur er ályktunarbær um boðað fundarefni

## 15. grein - Flokksráð

- 1) Stjórn deildar skal hlutast til um að skipuð séu flokksráð sem starfrækt eru í samræmi við starfsreglur deildar. Flokksráðin sinna daglegum rekstri flokkanna og skulu hafa sjálfstæðan fjárhag og bera fjárhagslega ábyrgð gagnvart stjórn deildar.
- 2) Aðalfundur deildar kýs formenn flokksráða, að fengnum tilnefningum eða einhliða berist tilnefningar ekki.
- 3) Formaður flokksráðs er jafnframt stjórnarmaður deildar. Þó er heimilt að skipa annan flokksráðsmann til stjórnarsetu hátti svo til að samstarf sé við annað íþróttafélag um rekstur ákveðins flokks. Í því tilfalli skal þess gætt að sá flokksráðsmaður sem sækir fundi sé félagi í HK.
- 4) Fjöldi flokksráða og meðlima þeirra skal ákveða í starfsreglum deildar en fjöldi meðlima skal að lágmarki vera 3. Tilnefning í flokksráð er háð samþykki stjórnar deildar.

## 16. grein – Barna- og unglíngaráð

- 1) Barna- og unglíngaráð skal skipað fulltrúum foreldraráða allra yngri flokka.
- 2) Barna- og unglíngaráð skal hafa sjálfstæðan fjárhag og ber að halda fjármálum þess aðskildum frá öðrum einingum viðkomandi deildar.
